

# ÁHRIF COVID-19 Á ÍSLENSKT EFNAHAGSLÍF

11. maí 2020



SAMORKA



SFF



SVP



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

# SAMDRÁTTUR Í HAGKERFINU ÓUMFLÝJANLEGUR. HVERSU LENGI ÁSTANDIÐ VARIR OG HVER VIÐBRÖGÐ HAGSTJÓRNAR ERU SKIPTA HÖFUÐMÁLI

- Myndin af efnahagslegum áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins er smátt og smátt að skýrast. Sú mynd er dökk og hefur almennt versnað eftir því sem hagtolur innanlands og erlendis birtast. Fullkomin óvissa ríkir einnig um hvenær erlendir ferðamenn snúa aftur til landsins.
- Hér er tilraun gerð til að meta hugsanleg efnahagsleg áhrif COVID-19. Ljóst er að staða atvinnulífsins er þröng. Atvinnuleysi fer vaxandi og eftirspurn minnkandi í flestum atvinnugreinum. Niðurstöður sviðsmyndagreiningar benda til þess að samdrátturinn á árinu verði sá mesti sem mælst hefur í 100 ár.
- Óvissan er einstaklega mikil um þessar mundir og dekkstu sviðsmyndir mögulegar. Mikilvægt er því að hagstjórnin hafi vaðið langt fyrir neðan sig og geri ráð fyrir hinu versta. Það er skynsamlegt út frá varúðarsjónarmiði því ef gengið er út frá of bjartsýnum sviðsmyndum kann skaðinn að verða meiri en ella. Stjórnvöld hafa hins vegar lítið svigrúm til viðbótar, við blasir einn mesti hallarekstur ríkissjóðs í a.m.k. 40 ár. Seðlabankinn hefur hins vegar enn svigrúm til að þoka stýrivöxtum áfram niður líkt og önnur vestræn ríki hafa gert.

1

## Dökkar horfur raungerast

Innlendir og erlendir hagvísar benda til samdráttar sem hefur ekki sést í hundruði ára. Ferðapjónustulandið Ísland verður ekki undanskilið.

2

## Mesti samdráttur í íslenskri hagsögu

Framundan er líklega einn versti samdráttur frá upphafi. Óvissan er mikil og svörtustu sviðsmyndir raunhæfar. Mikilvægt er að hagstjórnin geri ráð fyrir hinu versta.

3

## Aðgerðir stjórnvalda milda höggið

Við blasir einn mesti hallarekstur ríkissjóðs í a.m.k. 40 ár. Mikilvægt er að forgangsraða aðgerðum enda takmarkað svigrúm til viðbótar.

4

## Seðlabankinn getur gert meira


Seðlabankinn hefur boðað kaup ríkisbréfa og útlánageta bankanna verið aukin. Talsvert svigrúm enn til að lækka stýrivexti og virkja enn frekar önnur stjórnþæki.

# HELSTU NIÐURSTÖÐUR GREININGAR

- **Þrjár sviðsmyndir settar fram: Talsvert högg, mikið högg og mjög þungt högg.** Grunnsviðsmyndin kallast „Mikið högg“ en samkvæmt henni verður 13% samdráttur landsframleiðslu.
- **Skörp dýfa framundan.** Í sviðsmyndinni „Mikið högg“ nær ferðapjónustan sér ekki aftur á strik það sem eftir lifir árs. Innlend eftirspurn (þjóðarútgjöld) tekur skarpa dýfu samhliða samkomubönnum og öðrum aðgerðum í bland við óvissu um flugsamgöngur.
- **Óvissan mikil og búumst við hinu versta.** Hinar tvær sviðsmyndirnar eru bjartsýnni og svartsýnni útgáfa af grunnsviðsmyndinni og endurspegla mikla óvissu. Í þeirri bjartsýnu („Talsvert högg“) nær hagkerfið sér hratt á strik og ferðamenn taka að snúa rólega aftur til landsins strax með haustinu. Í þeirri svartsýnu („Mjög þungt högg“) mun batinn dragast á langinn, engir ferðamenn koma og niðursveiflan verða því enn dýpri.
- **Greiningin var unnin áður en tilkynnt var um tilslakanir** á komum ferðamanna til landsins en að svo stöddu breytir það ekki stóru myndinni.
- **Aukið atvinnuleysi blasir við.** Niðursveiflan sem framundan er mun hafa ýmsar alvarlegar afleiðingar eins og aukið atvinnuleysi sem verður um 10% á mælikvarða Hagstofunnar í grunnsviðsmyndinni.
- **Áhrif niðursveiflunnar munu vara í einhver ári** jafnvel þó hagkerfið nái skjótum bata. Í svo djúpri kreppu getur tekið tíma að vinna upp framleiðslutapið. Hve langvarandi hún verður ræðst annars vegar af því hve hratt ferðamenn snúa aftur til landsins og hins vegar hvernig atvinnulífinu mun takast að skapa ný störf á öðrum vettvangi.

## Hagvöxtur og framlag undirliða

Breyting milli ára og framlag til hagvaxtar




## Hagvöxtur eftir ársfjórðungum í grunnsviðsmynd: Mikið högg




# TAKMARKAÐ SVIGRÚM RÍKISSJÓÐS. ÞRÍR AÐGERÐAPAKKAR VERIÐ KYNNTIR. STEFNIR Í EINN MESTA HALLAREKSTUR Í 40 ÁR.

Áætluð áhrif á rekstur ríkissjóðs vegna COVID-19  
ma.kr.



Afkoma ríkissjóðs og áætlun fyrir árið 2020<sup>2</sup>  
% af VLF




<sup>1</sup> Miðað við að efnahagssamdrátturinn verði í samræmi við grunnsviðsmynd Heimild: Fjárukalög fyrir árið 2020, AGS, Hagstofa Íslands

<sup>2</sup> Leiðrétt fyrir yfirtöku ríkissjóðs á áföllnum kröfum vegna veðlana Seðlabankans á árinu 2008. Einnig leiðrétt fyrir tekjum ríkissjóðs af stöðugleikaframlögum og gjaldfærslu ríkissjóðs vegna LSR á árinu 2016.

# SEÐLABANKINN HEFUR ÓNOTAÐ SVIGRÚM. FREKARI STÝRIVAXTALÆKKUN NAUÐSYNLEG MEÐAN EIN VERSTA EFNAHAGSDÝFA Í 100 ÁR GENGUR YFIR.

Stýrivextir meðal valdra iðnríkja  
Meginvextir (%) m.v. apríl 2020



## Mikilvægt að virkja enn frekar stjórnþæki Seðlabankans

- Seðlabankar heims stíga reglulega fram, lækka vexti og kynna aðgerðir sem ganga lengra en nokkru sinni
- Seðlabanki Íslands lækkaði stýrivexti fyrir tveimur mánuðum og eru boðaðar markaðsaðgerðir varla hafnar.
- Ólíkt flestum vestrænum seðlabönkum er enn talsvert svigrúm til beitingu stjórnþækja.
- Verðbólguhorfur og væntur framleiðsluslaki gefa ekki tilefni til annars en að stýrivextir á Íslandi lækki áfram. Þá er mikilvægt að bankinn virki enn frekar boðaðar aðgerðir og önnur stjórnþæki nú þegar ein dýpsta kreppa gengur yfir.

### Dæmi um aðgerðir Seðlabankans

### Dagsetning

Lækkun á vöxtum um 0,5%

11. mars 2020

Bindiskylda lækkuð niður í 0%

11. mars 2020

Lækkun á vöxtum um 0,5%

18. mars 2020

Sveiflujöfnunarauki afnuminn

18. mars 2020


Kaup á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði hefjast í maí

22. apríl 2020

# HÖGGIÐ VERÐUR MIKIÐ. FÁ RÍKI ERU ÚTSETTARI FYRIR ÁFALLI Í FERÐAÞJÓNUSTU EINS OG ÍSLAND. VÍÐTÆK ÁHRIF Á ÍSLENSKT ATVINNULÍF.

## Ferðaþjónusta sem hlutfall af útflutningi á árinu 2018

%, heiminum öllum, 40 stærstu ríkin með > 1 milljón ferðamanna




## DÝPSTA NIÐURSVEIFLA FRÁ SÍÐARI HEIMSSTYRJÖLD



23. apríl 2020

**Hagvöxtur í völdum ríkjunum og heiminum öllum**  
 %, á ársgrundvelli árið 2020

Fyrir COVID-19 Spá í apríl




# FYRSTA BYLGJAN LENDIR HARKALEGA Á HAGKERFINU

1

## Fall væntingavísitölu gefur vísbendingu um minni einkaneyslu


Væntingavísitala Gallup



2

## Metatvinnuleysi í apríl - nærri tvöfalt meira en við fyrra met


Skráð atvinnuleysi í apríl<sup>1</sup>



3

## Kortalvelta tók skell í mars – meiri skellur væntanlegur í apríl

%-breyting veltu í mars 2020 frá mars 2019




4

## Vísbendingar um áhrif á vöruskipti við útlönd

Breyting milli ára á föstu gengi<sup>2</sup>


Útflutningur Innflutningur



5

## Bílaumferð dróst mikið saman í apríl


Breyting milli ára í apríl 2020



6

## Minni sementsala gefur vísbendingu um minnkandi fjárfestingu

Sementsala í janúar-apríl, vísitala







# HORFUR Á AÐ FERÐAMENN SNÚI HÆGT OG SEINT TIL BAKA




Ef útgönguhömlum væri aflétt, myndir þú vera örugg/ur með að fara....?



Hvenær reiknar þú með því að eftirspurn erlendra ferðamanna byrji að taka við sér?<sup>1</sup>




Skipting ferðamanna eftir heimshlutum 2019




# LÍTILLEGA SKÁRRI SKAMMTÍMAHORFUR EN MUN FLEIRI EN ÁÐUR TELJA AÐ ÁHRIFIN VERÐI LANGVARANDI

## Niðurstöður úr könnun félagsmanna SA

Tekjuþróun á 2. ársfjórðungi samanborið við sama tíma í fyrra



Hversu lengi telur þú að áhrif COVID-19 muni vara á rekstur fyrirtækisins?



# ÞRÍJÁR SVIÐSMYNDIR SEM ENDURSPEGLA DÖKKAR HORFUR OG MIKLA ÓVISSU

1

## TALSVERT HÖGG - BJARTSÝN MYND -

- Mjög vel tekst að stöðva faraldurinn hér og erlendis. Innlend eftirspurn tekur við sér á seinni hluta ársins.
- Ferðaþjónustan fer í gang en batinn er hægur.
- Ferðamönnum fækkar um 2/3 yfir árið.
- Einkaneysla nær sér vel á strik undir lok árs.



Samdráttur fyrir árið í heild 8%

2

## MIKIÐ HÖGG - GRUNNSVIÐSMYND -

- Hægt og rólega tekst að stöðva faraldurinn hér og annarsstaðar.
- Ferðaþjónusta nær ekki bata á árinu 2020. Lítillega opnað fyrir ferðalög.
- Mikill samdráttur um miðbik ársins en birtir til með haustinu
- Bjartari horfur með haustinu sem birtist í bata einkaneyslu, fjárfestingu og útflutningi.



Samdráttur fyrir árið í heild 13%

3

## MJÖG ÞUNGT HÖGG - SVARTSÝN MYND -


- Erfiðlega gengur að stöðva faraldurinn þannig að sóttvarnaraðgerðir munu vara út árið og landamæri haldast lokað.
- Engir ferðamenn á árinu 2020
- Víðtækari áhrif ferðaþjónustu og sjálfrar veirunnar á horfur og væntingar magna upp enn neikvæðari áhrif á fjárfestingu og neyslu.




Samdráttur fyrir árið í heild 18%

# VERÐMÆTASKÖPUN VERÐUR MINNI. Í VERSTU SVIÐSMYNDINNI FELLUR LANDSFRAMLEIÐSLA Á MANN NIÐUR Á ÁLÍKA SLÓÐIR OG 2004

Hagvöxtur m.v. ólíkar sviðsmyndir  
Raunbreyting milli ára í landsframleiðslu (%)




Landsframleiðsla á mann á föstu verðlagi  
Vísitala = 100 árið 2000





# VERÐMÆTASKÖPUN DREGST SAMAN UM MÖRG HUNDRUÐ MILLJARÐA KRÓNA. ÞAÐ MUN TAKA TÍMA AÐ VINNA TIL BAKA FRAMLEIÐSLUTAPIÐ

## Mögulegur samdráttur í landsframleiðslu

ma.kr. á verðlagi 2019




## Hversu mörg ár mun taka að vinna upp framleiðslutapið?



# FERÐAMENN ERU LYKILBREYTA Í SVIÐSMYNDAGREININGUNNI. HVERSU MIKIL VIÐSPYRNA VERÐUR Í FRAMHALDINU RÆÐST AF ÞVÍ

Fjöldi ferðamanna á Íslandi og þrjár mögulegar sviðsmyndir


Milljónir ferðamanna



# ÓKUNNAR SLÓÐIR ATVINNULEYSIS FRAMUNDAN. SJÁUM FRAM Á MESTA ATVINNULEYSI FRÁ UPPHAFI MÆLINGA

Atvinnuleysi skv. vinnumarkaðsrannsókn og hagvöxtur

%



**Yfir stendur mikil fækkun starfa sem birtist ekki að öllu leyti í atvinnuleysi vegna hlutabótaleiðar stjórnvalda.**

- Í niðursveiflum dregur jafnframt úr atvinnuþátttöku sem aftur dregur úr mældu atvinnuleysi.
- Hvernig hlutaatvinnuleysisbóta úrræðið þróast mun ráða miklu um atvinnuleysi og **eykur á óvissuna um matið hér.**
- Sé eingöngu horft á hópuppsagnir í mars og apríl misstu 5.861 manns vinnuna sem er **ígildi nærri 3 prósentustiga aukningu atvinnuleysis.**

# YFIRFERÐ YFIR GRUNNSVIÐSMYND. FORSENDUR OG NIÐURSTAÐA

1

## TALSVERT HÖGG - BJARTSÝN MYND -

- Mjög vel tekst að stöðva faraldurinn hér og erlendis. Innlend eftirspurn tekur við sér á seinni hluta ársins.
- Ferðaþjónustan fer í gang með haustinu og batinn er hægur.
- Ferðamönnum fækkar um 2/3 yfir árið.
- Einkaneysla nær sér vel á strik undir lok árs.



Samdráttur fyrir árið í heild 8%

2

## MIKIÐ HÖGG - GRUNNSVIÐSMYND -

- Hægt og rólega tekst að stöðva faraldurinn hér og annarsstaðar.
- Ferðaþjónusta nær ekki bata á árinu 2020. Lítillega opnað fyrir ferðalög.
- Mikill samdráttur um miðbik ársins en birtir til með haustinu
- Bjartari horfur með haustinu sem birtist í bata einkaneyslu, fjárfestingu og útflutningi.



Samdráttur fyrir árið í heild 13%

3

## MJÖG ÞUNGT HÖGG - SVARTSÝN MYND -

- Erfiðlega gengur að stöðva faraldurinn þannig að sóttvarnaraðgerðir munu vara út árið og landamæri haldast lokuð.
- Engir ferðamenn á árinu 2020
- Víðtækari áhrif ferðaþjónustu og sjálfrar veirunnar á horfur og væntingar magna upp enn neikvæðari áhrif á fjárfestingu og neyslu.



Samdráttur fyrir árið í heild 18%



# MESTI SAMDRÁTTUR Í 100 ÁR. VIÐSNÚNINGUR HEFST Á NÆSTA ÁRI

2


## MIKIÐ HÖGG

- 13% samdráttur í landsframleiðslu -

- Sögulega séð verður mesti samdráttur sem mælst hefur frá seinna stríði. Þarf að fara aftur til ársins 1920 til að finna meiri samdrátt (-14%)
- Viðspyrna hefst á næsta ári, framleiðslulakinn verður mikill og það mun taka tíma að vinna upp höggið.
- Gert er ráð fyrir 13% samdrætti í landsframleiðslu á árinu 2020 – sem er meira en samanlagður samdráttur á árunum 2008-2010.

## Hagvöxtur og möguleg þróun á árinu 2020

Breyting milli ára. Sviðsmynd fyrir árið 2020



# SÖGULEGA MESTA EFNAHAGSDÝFA SEM MÆLST HEFUR. SNÖGGHEMLUN Á HJÓLUM ATVINNULÍFSINS SEM TEKUR TÍMA AÐ VINNA TILBAKA.

2


## MIKIÐ HÖGG

- Mesta dýfa sem hefur mælst -

- Samdráttur í landsframleiðslu verður alla ársfjórðunga.
- Samdráttarskeið þessu líku hefur ekki sést áður.
- Covid-krísan má líkja við snögghemlun á hjólum atvinnulífsins í nokkra mánuði.
- Áhrifin munu vara í einhvern tíma og óraunhæft að ætla að afköst atvinnulífsins verðir 100% þegar yfir yfir lýkur.

## Fyrri samdráttarskeið og möguleg sviðsmynd fyrir árið 2020

Ársfjórðungstölur %-breyting milli ára, samdráttur í tvo samliggjandi ársfjórðunga hið minnsta



# EÐLI NIÐURSVEIFLUNNAR GJÖRÓLÍKT ÞEIRRI SÍÐUSTU. MINNI SAMDRÁTTUR Í ÞJÓÐARÚTGJÖLDUM EN UTANRÍKISVERSLUN ÓLÍKLEG TIL AÐ BJARGA ÞVÍ

- Birtingarmyndir þess hve ólík þessi niðursveifla er þeirri síðustu eru ýmsar og kristallast m.a. í mismunandi framlagi undirliða í landsframleiðslunni.
- Í fjármálakreppunni leiddu of miklar skuldir og ósjálfbær viðskiptahalli til þess að þjóðarútgjöld drógust mjög mikið saman ásamt innflutningi á meðan útflutningur dafnaði vel.
- Nú er aftur á móti staðan sjálfbærari. Faraldurinn sem geysar mun leiða til þess að útflutningur dregst mikið saman á sama tíma og önnur innlend eftirspurn fyrir utan nauðsynjavörur nánast stoppar í einhvern tíma.


2008 lenti höggið á **fjármálakerfinu**

2020 lendir höggið á **raunhagkerfinu**

## Hagvöxtur og framlag undirliða

Breyting milli ára og framlag til hagvaxtar

■ Utanríkisverslun ■ Birgðabreytingar ■ Fjármunamyndun ■ Samneysla ■ Einkaneysla ■ Hagvöxtur



# NEYSLUHEGÐUN HEIMILA MUN TAKA STAKKASKIPTUM. SAMKOMUBANN, AUKIÐ ATVINNULEYSI, TEKJUSAMDRÁTTUR OG VAXANDI ÓVISSA.

2

## MIKIÐ HÖGG

-Samdráttur í flestum neyslurvörum meðan samkomubann er í gildi

- COVID-19 mun hafa veruleg áhrif á neysluhegðun heimila.
- Um 58% af einkaneyslunni eru ekki hreinar nauðsynjavörur – af þeim eru flestar neyslurvörur sem verða fyrir 80-90% samdrætti meðan samkomubann er við lýði.
- Samdrátturinn á 2F 2020 verður meiri en mældist í bankahrúningu 2008-2010. Hins vegar verður viðsnúningur hraðari.
- Samdráttur fyrir árið í heild 8%.

Um 58% af neyslu heimila eru ekki hreinar nauðsynjavörur og því hefur samkomubann veruleg áhrif á neysluhegðun heimila – 80-90% samdráttur á ákveðnum neysluliðum er því óhjákvæmilegur á meðan.

**Nauðsynjavörur (42%)**  
samkomubann hefur lítil áhrif

Dæmi:

**Matvörur**  
(13%)

**Húsnæðiskostnaður**  
(21%)

**Hiti og rafmagn**  
(2%)

**Heilsugæsla**  
(2,7%)

**Aðrar vörur (58%)**  
samkomubann hefur mikil áhrif

Dæmi:

**Húsgögn**  
(5,3%)

**Ökutæki og flutningar** (13,5%)


**Tómstundir og menning** (11,7%)

**Hótel og veitingastaðir** (14,7%)

**Föt og skór**  
(3,4%)

## Sviðsmynd: Einkaneysla

Breyting milli ára



## Megin áhrifaþættir,

- Samkomubann hefur bein áhrif á neyslu heimila á 1. og 2. ársfjórðungi hið minnsta.
- Aukið atvinnuleysi, tekjusamdráttur og óvissa mun áfram hafa áhrif á neysluhegðun heimila

# VERULEGUR SAMDRÁTTUR FJÁRFESTINGAR ÞÓ AÐ RÍKIÐ VEGI Á MÓTI. SÁ LIÐUR LANDSFRAMLEIÐSLU SEM SVEIFLAST YFIRLEITT MEST

2


## MIKIÐ HÖGG

Viðsnúningur á efnahagshorfum mun hafa verulega neikvæð áhrif á fjárfestingar í atvinnulífinu og íbúðarhúsnæði

- Fjárfestingaráttak ríkisins mun milda höggið en ekki koma í veg fyrir samdrátt.
- Erfið staða í atvinnulífinu mun draga úr atvinnuvegafjárfestingu um ríflega þriðjung.
- Verri efnahagshorfur munu leiða til meiri samdráttar en áður var talið í íbúðarfjárfestingu (-23%)
- Vísbendingar um að þetta sé að raungerast sjást á minnkandi innflutningi og 27% samdrætti sementsölu fyrstu 4 mánuði ársins.
- Niðurstaðan er 24% samdráttur fjárfestingar


### Fjárfesting 2020 eftir undirliðum

Breyting milli ára




### Söguleg fjárfesting

Breyting milli ára (%)



### Fjárfesting heild eftir ársfjórðungum

Breyting milli ára



- Sögulega hefur fjárfesting verið sá liður landsframleiðslu sem greiningaraðilar hafa átt einna erfiðast með að spá fyrir um.
- Væntingar um þróun mála munu skipta hér höfuðmáli og meira en í öðrum undirliðum VLF. Verði fyrirtæki og heimili bjartsýn á efnahagsbatann eru forsendur til að fjárfesting gefi einungis eftir tímabundið.
- Á hinn bóginn gætu áhrifin verið vanmetin ef efnahagsvæntingar versna og fjárhagur heimila og fyrirtækja rýrnar.

# RÍFLEGA 80% SAMDRÁTTUR Í KOMU FERÐAMANNA. GENGIÐ ÚT FRÁ ÞVÍ AÐ MEÐ HAUSTINU VERÐI LÍTILLEGA OPNAÐ Á FERÐALÖG.

2

## MIKIÐ HÖGG


- 82% samdráttur í komu ferðamanna -

- Meginforsendan er í sviðsmyndinni er að lokað verði á flugsamgöngur fram á haust. Í haust verði opnað á ferðalög milli Íslands og annarra ríkja.
- Ferðapjónustan nær sér á strik með haustinu en batinn er hægur.
- Ríflega 80% samdráttur í komu ferðamanna til landsins fyrir árið.
- Gangi spáin eftir koma rúmlega 360 þúsund ferðamenn til landsins á árinu 2020, sem er álíka fjöldi og mældist á árinu 2004.

### Fjöldi ferðamanna í hverjum mánuði

Breyting frá 2019

2019 2020 (rauntölur) Mikið högg



# STÓRT HÖGG Á ÚTFLUTNING. HRUN Í FERÐAÞJÓNUSTU VEGUR ÞYNGST EN VEIK EFTIRSPURN Í VIÐSKIPTALÖNDUM HEFUR LÍKA ÁHRIF

2


## MIKIÐ HÖGG

Fækkun ferðamanna um 82%, sem stóðu undir 35% af útflutningstekjum, vegur þyngst


- Tímabundin röskun á efnahagslífinu vegna COVID-19 og veikari eftirspurn í viðskiptalöndunum í bland við fyrri spár Sí um samdrátt leiða til 8% samdráttar vöruútflutnings.
- Fyrirséð högg á ferðaþjónustu ræður mestu um að við reiknum með 57% samdrætti þjónustuútflutnings.
- Niðurstaðan er ríflega þriðjungs samdráttur útflutnings og má rekja má tæplega 90% samdráttarins til ferðaþjónustu.
- Hætta á vanmati á áhrifum á vöruútflutnings ef ástandið dregst á langinn í viðskiptalöndum.

### Vöru- og þjónustuútflutningur

Breyting milli ára




### Samsetning útflutnings 2019



### Útflutningur í heild

Breyting milli ára



- Grunnáhrif vegna flugvélaútflutnings á 1F 2019 ráða mestu um samdrátt í vöruútflutningi á 1F, að teknu tilliti til þess varð 5% samdráttur.
- Seðlabankinn spáði -2,6% samdrætti í sjávarafurðum og -1% í áli í febrúar, en við gerum ráð fyrir að samdráttur verði nokkuð meiri.
- Flestir aðrir liðir lækka en í upplýsingatækni og sumum þjónustuútflutningi má reikna með einhverjum vexti

# INNFLUTNINGUR MINNKAR UMTALSVERT – SAMBLAND AF MINNI INNLENDRI EFTIRSPURN (ÞJÓÐARÚTGJÖLDUM) OG VEIKARA GENGI

2


## MIKIÐ HÖGG

Minni efnahagssumsvif og eftirspurn færirst í auknum mæli til landsins með veikara raungengi og ferðatakmarkunum

- Þar sem dregur úr einkaneyslu og fjárfestingu nógu mikið til að draga úr þjóðarútgjöldum um 8% mun draga úr innflutningi á vöru og þjónustu
- Gengisveikingin leiðir til enn meiri samdráttar innflutnings þar sem innlend framleiðsla verður hlutfallslega ódýrari svo vöruinnflutningur minnkar um 16%
- Við bætast ferðatakmarkanir svo þjónustuinnflutningur minnkar um 41%
- Niðurstaðan er 25% samdráttur innflutnings. Þar sem útflutningur dregst saman um 34% er líklegt að viðskiptafgangur verði hverfandi.


### Vöru- og þjónustuinnflutningur

Breyting milli ára




### Samband innflutnings, gengis og eftirspurnar

Breyting milli ára (%)



### Innflutningur í heild

Breyting milli ára



- Innflutningur hefur sögulega verið mjög tengdur þjóðarútgjöldum og þróun gengis – reiknum með því áfram
- Stórir liðir eins og skip og flugvélar geta breytt miklu
- Ferðalög og flugferðir Íslendinga eru um 45% af þjónustuinnflutningi svo að ferðatakmarkanir leiða til meira falls í þjónustuinnflutningi en vöruinnflutningi, þó að vöxtur sé á innflutningi á sviði upplýsingatækni og fjarskipta.
- Fyrstu tölur benda til 6% raunsamdráttar vöruinnflutnings á 1F og 27% nafnsamdráttar í apríl



## ÞRJÁR SVIÐSMYNDIR Á BREIÐU BILI ENDURSPEGLA MIKLA ÓVISSU

Raunbreyting milli ára, nema atvinnuleysi (%)

	1	2	3
	Talsvert högg	Mikið högg	Mjög þungt högg
Einkaneysla	-4%	-8%	-15%
Samneysla	6%	4%	-2%
Fjárfesting	-14%	-24%	-34%
<b>Þjóðarútgjöld</b>	<b>-3%</b>	<b>-8%</b>	<b>-15%</b>
Útflutningur	-24%	-34%	-36%
-vörur	-2%	-8%	-10%
-þjónusta	-45%	-57%	-60%
Innflutningur	-16%	-25%	-32%
-vörur	-8%	-16%	-26%
-þjónusta	-29%	-41%	-43%
<b>Hagvöxtur</b>	<b>-8%</b>	<b>-13%</b>	<b>-18%</b>
<b>Atvinnuleysi</b>	<b>7%</b>	<b>10%</b>	<b>13%</b>

# SVIÐSMYNDIRNAR ALMENNT NOKKUÐ DEKKRI EN HJÁ FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐU OG MUN DEKKRI EN HJÁ SEÐLABANKANUM.

Hagvaxtarspár og sviðsmyndir fyrir Ísland 2020

% og raunbreyting milli ára

